

Verði hins vegar ákvörðun tekin um að leggja sjóðinn niður skulu eignir hans renna til sambærilegrar starfsemi eða líknarmála.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og breytinga sem á henni kunna að verða gerðar.

*Reykjavík, 4. júlí 2000.*

Jónína S. Gísladóttir.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. júlí 2000.*

F. h. r.

**Ólafur Walter Stefánsson.**

*Jón Thors.*

Nr. 558

21. júlí 2000

## AUGLÝSING

### um skipulag í Garðabæ.

1. *Breyting á deiliskipulagi í Molduhrauni, lóð nr. 4 við Suðurhraun.*

Bæjarráð Garðabæjar samþykkti þann 11. júlí 2000 breytingu á deiliskipulagi í Molduhrauni á lóð nr. 4 við Suðurhraun. Í breytingunni felst að byggingarreitur er skilgreindur á lóðinni en að öðru leyti gilda skipulagsskilmálar svæðisins óbreyttir. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

2. *Óveruleg breyting á deiliskipulagi í Hofsstadamýri, lóð nr. 5 við Löngumýri.*

Bæjarráð Garðabæjar samþykkti þann 11. júlí 2000 óverulega breytingu á deiliskipulagi í Hofsstadamýri á lóð nr. 5 við Löngumýri. Í breytingunni felst að heimilt verður að byggja tengibyggingu milli húss og bílskúrs á áðurgreindri lóð. Breytingartillagan nær einungis til umræddrar lóðar og hefur ekki í för með sér breytingu á skipulagsuppdrætti.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Garðabæ, 21. júlí 2000.*

*F. h. Garðabæjar,*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.